

Nýjan spítala þyrfti að reisa hratt

segir Sverrir Bergmann formaður stjórnar lækna ráðs Landspítala háskólasjúkrahúss

LÆKNABLAÐIÐ BAÐ SVERRI BERGMANN FORMANN stjórnar lækna ráðs Landspítala háskólasjúkrahúss að segja álit sitt á þeim hugmyndum sem fram koma hjá þeim Bjarna, Runólfi og Sigurði. Hann staðfesti að stjórnin hefði fengið álit skipulags- og þróunarnefndar lækna ráðs til umfjöllunar en stjórn þess hefði áður vísað efni þessu til álits og umfjöllunar nefndarinnar. Staði nú yfir umræða um það í stjórn lækna ráðs.

Sverrir sagði að menn hefðu viljað gefa sér tíma til að ræða þessi mál, ekki síst staðsetningu nýja spítalans því þótt „húsaóttin“ væri vissulega í rénun væru enn skiptar skoðanir meðal lækna um framtíðarstað fyrir sjúkrahúsið. Þó virtist sér að meirihluti væri fyrir því að velja Hringbraut, færri vildu Fossvog en fæstir Vífilsstaði. Þetta hefði þó ekki verið kannað með formlegum hætti.

„Við höfum rætt þá erfiðleika sem minnst er á í áliti nefndarinnar við að starfrækja sjúkrahúsið í tveimur eða jafnvel fleiri húsum og getum tekið undir það. Vissulega er erfitt að sameina greinar í einu húsi eða öðru vegna þess að allar deildir eiga í nánú samstarfi við aðrar deildir. Hugmyndin sem fram kemur í áliti dönsku ráðgjafanna um að sameina flestar sómatísku deildirnar á einum stað en hafa aðrar deildir annars staðar kemur til greina sem skammtímalausn. Það væri einnig hægt að hafa slysmóttöku á einum stað en bráðamóttaka hlyti jafnframt að vera í hinum húsunum.

Hins vegar þarf strax að hefjast handa við að byggja nýjan spítala og láta það ganga nokkuð hratt svo hann verði ekki orðinn úreltur þegar hann kemst í gagnið. Ég sé sjálfur marga kosti við að byggja upp við Hringbraut. Þar er nóg pláss, mörg hús í ágætu lagi og barnaspítali í byggingu. Önnur hús þyrftu að hverfa en með breytingum á Hringbrautinni og hugsanlega flugvælinum ætti að skapast gott rými fyrir sjúkrahúsið. Einnig má benda á hin nánú tengsl við háskólasvæðið en það liggur í augum uppi að ein bygging hins nýja spítala hlýtur að verða rannsóknarver.“

Nýr spítali rísi á fimm til tíu árum

– Hversu langur tími má líða þangað til spítalinn er kominn á einn stað án þess að starfsemin bíði hugsanlega skaða af?

„Um það er erfitt að segja. Mér líst ekki á það ef byggingin á að taka 25 ár eins og minnst er á í greinargerð Dananna. Þetta má raunar ekki taka lengri

tíma en 10 ár og þyrfti helst að gerast á skemmri tíma, jafnvel fimm árum. Það þyrfti að leita leiða til að fjármagna bygginguna með þeim hætti að hægt væri að byggja hana hratt. Dæmin sanna að það er hægt að láta svona byggingu rísa fljótt og vel. Í því sambandi er Smáralind nærtækt dæmi en þar liðu innan við tvö ár frá því framkvæmdir hófust fyrir alvöru þar til húsið var opnað almenningi. Þar er að vísu ekki alveg um sambærilegar framkvæmdir að ræða og sjúkrahúsbyggingu.

Menn þurfa líka að hafa það í huga að allar þessar bráðabirgðaráðstafanir, flutningar og breytingar á húsnæði, kosta sitt. Ef hægt væri að hraða byggingu nýs sjúkrahúss myndi sá kostnaður sparast.“

Skipulaginu þarf að breyta

– En hvað um skipulagsmálin sem Runólfur og Sigurður ræða um? Hvernig líst þér á þær hugmyndir?

„Lækna ráð er alveg sammála þeim, stjórnfyrikomulaginu þarf að breyta, í það minnsta á lækningaþættinum, og koma á þeirri skipan að hver sérgrein hafi sinn forstöðulækni og skipurit. Sérgreinar eru misstórar og það fer eftir eðli þeirra hvort ástæða er til að hafa yfirlækni fyrir starfsþætti innan sérgreinar, meðal annars með tilliti til sérhæfingar innan hennar.

Eins og nú háttar eru sviðsstjórar valdir til tveggja ára í senn og gegna því hlutverki að vera hluti af rekstrarstjórn þeirra og annast samhæfingu starfsemi á sviðinu. Þeir eru ekki valdir eftir reglum um faglega stjórnendur og eru því ekki forstöðulæknar sviðsins. Slík staða er ekki til og það flækir málið að í sumum tilvikum eru sviðsstjórar settir yfir yfirlækna sérgreina án þess að vera faglegir yfirmenn.

Um þessa skipan hefur verið ágreiningur milli okkar og stjórnenda sjúkrahússins en stjórn lækna ráðs lítur svo á að hún sé enn til umræðu eins og flest annað sem varðar framtíðarskipulag sjúkrahússins. Stjórn lækna ráðs væntir þess að samkomulag verði um niðurstöðu, annars vegar í tengslum við samninga við Háskóla Íslands og hins vegar í endurskoðun á núverandi sviðstjórnarkerfi sem á að ljúka eigi síðar en í október á næsta ári,“ sagði Sverrir Bergmann.

–PH